

Aðalfundur FETAR 2014

Fundargerð 28.02.2014 Fundur settur kl. 18:15

Mættir voru:

Aron Reynisson
Ársæll Hauksson
Guðjón Þorsteinn Guðmundsson
Hákom Bjarnason
Jón Kristinn Jónsson
Ómar Sigurðsson
Sveinn Sigurður Kjartansson
Vilhjálmur Hjörleifsson
Þorvarður Ingi Þorbjörnsson

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundur var settur af formanni félagsins. Hann bauð sig fram sem fundarstjóra og stakk upp á ritara félagsins sem fundarritara. Samþykkt með lófaklappi.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram

Formaður félagsins lýsti störfum stjórnar, síðastliðið ár

- Á síðasta aðalfundi voru samþykkt ný lög félagsins sem skerpa til muna á ramma félagsins. Félagið er hagsmunafélag þeirra sem eiga eða reka torfæruökutæki.
- Hækkun félagsgjalda sem gefur okkur möguleika á að kaupa lagaaðstoð í samskiptum við yfirvöld.
- Uppfærsla á heimasíðu félagsins.
- Námskeiðahald á vegum félagsins í fastann viðurkenndan farveg. Samningur við Leiðsöguskólann.
- Félagfundur með heimsókn frá Ferðamálastofu, kynning á þeirra starfsemi og Vakanum. Gafst ekki tækifæri á að halda haustfundinn.
- Nokkur mál er varða hagsmuni okkar gagnvart opinberum aðilum hafa komið inn á okkar borð til umsagnar á árinu.
 - Athugasemdir vegna endurskoðun laga um farþegaflutninga.
 - Athugasemdir vegna leiðbeinandi reglna Ferðamálastofu.
 - Til umfjöllunar núna, endurskoðun umferðarlaga. 5 ára reglan.
 - Til umfjöllunar núna, áhættumat vegna ferðamennsku. Tilkynningaskylda.
- Stofnun slóðanefndar SAF. Ingi og Eddi okkar menn. Unnið gegn lokun slóðans upp á Úlfarsfell. Þörf á að vinna að málinu á fleiri vígstöðvum. Fimmvörðuháls, Sólheimajökull/Fjara.
- Sumaröfnun hálendisvega. Landmannalaugamálið, Línuvegurinn, Jökulheimar.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Gjaldkeri félagsins lagði fram reikninga fyrir síðasta ár. Samþykktir með lófataki.

4. Lagabreytingar

Lagabreytingar voru engar.

5. Kosning stjórnar

Aron Reynisson og Atli Lýðsson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu Fráfarandi formaður, stakk upp á Vilhjálmi Hjörleifssyni sem formanni. Samþykkt með lófaklappi. Aðrir í stjórn voru kosnir: Gylfi Sævarsson og Guðjón Þorsteinn Guðmundsson. Stjórn er því skipuð:

Vilhjálmur Hjörleifsson

Jón Kristinn Jónsson

Anton Guðmundsson

Gylfi Sævarsson

Guðjón Þorsteinn Guðmundsson

6. Ákvörðun félagsgjalds

Ákveðið var að halda félagsgjaldi óbreyttu, þ.e. 15.000 kr.

7. Önnur mál

Rætt var um uppsetningu á vefmyndavéla á vegum félagsins, hvernig og hvar ætti að koma þeim fyrir, ef það þætti koma til greina. Málinu vísað til stjórnar til frekari útfærslu.

Facebook síða á vegum FETAR kom til umræðu. Fundurinn samþykkti að taka til í aðgangi að síðunni og hún verði aðeins opin félagsmönnum FETAR og starfsmönnum þeirra. Ritari félagsins sér um útfærslu og hefur umsjón með aðgangi.

Akstursbók kom til umræðu, vegna atvika á síðasta ári þar sem aðilar innan félagsins voru krafðir um slíkt í eftirliti Vegagerðarinnar. Ómar Sigurðsson útskýrði það sem laut að hans skoðun, og fundurinn ræddi um að æskilegt væri að þessi og önnur leyfismál væru betur útskýrð fyrir félagsmönnum. Vísað til stjórnar að athuga.

Fundi slitið kl. 19:15 Fundarritari.